



## 32. FUNDUR Í BÆJARSTJÓRN BLÖNDUÓSBÆJAR

Dagsetning: 16. apríl 2013, kl. 17:00

---

Bæjarstjórn Blönduósbæjar kom saman til 32. fundar þriðjudaginn 16. apríl 2013 kl. 17:00 að Hnjúkabyggð 33. Forseti bæjarstjórnar, Ágúst Þór Bragason, setti fundinn og stjórnaði honum. Fundarritari var Auðunn Sigurðsson. Undirritaðir sátu fundinn.

### Dagskrá:

1. **Ársreikningur Blönduósbæjar 2012 – síðari umræða**
2. **Síðareglur kjörinna fulltrúa hjá Blönduósbæ – síðari umræða**
3. **Fundargerðir:**
  - a. **Bæjarráð frá 20. mars 2013**
  - b. **Bæjarráð frá 4. apríl 2013**
  - c. **Skipulags-, byggingar- og veitunefndar frá 3. apríl 2013**
4. **Kjörskrá**
5. **Skýrsla bæjarstjóra**

### Afgreiðslur:

1. **Ársreikningur Blönduósbæjar 2012 – síðari umræða**

Bókun lögð fram á bæjarstjórnarfundum 16. apríl 2013:

„*Rekstrartekjur Blönduósbæjar árið 2012 námu 662 millj. kr. samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir A og B hluta sem er nokkuð hærra en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir. Tekjur samstæðunnar hækka um 13 milljónir á milli ára sem gerir um 2% hækkun tekna en útgjöld hækka um 18 milljónir eða um 3%. Mesta frávikið er í hækkun lífeyrisskuldbindinga sem hækka um 18 milljónir á milli ára. Rekstrarniðurstaða samstæðunnar fyrir fjármagnsliði var jákvæð um 22,8 milljónir kr. Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi A og B hluta var neikvæð um 43 milljón kr. og er 2,5 milljónum kr. lakari en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir. Skuldir og skuldbindingar samtals eru 1.184.735 kr. árið 2012 en voru 1.181.959 kr. árið á undan. Tekin ný langtímalán voru 40 milljónir kr. Afborganir langtímalána ársins 2012 voru 76 milljónir kr. Eigið fé samstæðunnar um síðustu áramót var 588.871 þús kr. krónur.*

*Niðurstaða ársins sýnir skýrt merki um traustan rekstur Blönduósbæjar. Bæjarstjórn vill þakka starfsfólki sveitarfélagsins fyrir góð störf á liðnu ári.*”



Að umræðum loknum bar forseti upp bókunina sem var samþykkt með 4 atkvæðum. Síðan bar hann upp framlagða ársreikninga Blönduósbæjar fyrir árið 2012 og voru þeir samþykktir samhljóða með 7 atkvæðum.

## 2. Siðareglur kjörinna fulltrúa hjá Blönduósbæ – síðari umræða

Tillaga að Siðareglum kjörinna fulltrúa hjá Blönduósbæ lögð fram til síðari umræðu. Siðareglur eru safn leiðbeininga um góða framkvæmd og veita leiðsögn um hvernig bregðast skuli við þegar siðferðileg álitamál koma upp í starfi.

S-listinn lagði fram eftirfarandi bókun:

*„S-listinn fagnar framkomnum siðareglum og hvetur til þess að vinnu við samþykktir, starfsmannastefnu og siðareglum starfsmanna verði hraðað“.*

Undir þetta rita Þórdís Hauksdóttir, Þórdís Erla Björnsdóttir og Oddný María Gunnarsdóttir.

Að loknum umræðum var tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

## 3. Fundargerðir:

### a. Bæjarráð frá 20. mars 2013

Fundargerðin er í 7 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Miklar umræður urðu um fundargerðina en að því loknu var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

### b. Bæjarráð frá 4. apríl 2013

Fundargerðin er í 6 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Miklar umræður urðu um fundargerðina. Að því loknu var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

### c. Skipulags-, byggingar- og veitunefnd frá 3. apríl 2013

Fundargerðin er í 7 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Nokkrar umræður urðu um fundargerðina. Að því loknu var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.



## 4. Kjörskrá

Bókun lögð fram á bæjarstjórnarfundi 16. apríl 2013:

*„Bæjarstjórn samþykkir að fela bæjarstjóra að semja kjörskrá. Jafnframt er bæjarstjóra veitt fullnaðarheimild til að fjalla um athugasemdir, gera nauðsynlegar leiðréttingar og úrskurða um ágreiningsmál sem kunna að koma fram að kjördegi vegna Alþingiskosninga 27. apríl nk. í samræmi við 27. gr. laga um kosningar til Alþingis.“*

Á kjörskrá eru 606, 303 konur og 303 karlar.

Að umræðum loknum bar forseti upp bókunina sem var samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

## 5. Skýrsla bæjarstjóra

Bæjarstjóri flutti skýrslu sína. Bæjarstjóri fjallaði um heimsókn sveitarstjórnarmanna á Norðurlandi vestra til Skotlands á dögnum, sameiginlegan fund sveitarstjórna í Austur-Húnavatnssýslu sem stefnt er að því að halda á næstunni, byggðakvóta og fuglaskoðunarhús við ósa Blöndu.

Skýrslan verður birt á heimasíðu Blönduósbæjar.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt. Fundi slitið kl. 18:35.

Ágúst Þór Bragason, forseti (sign.)

Zophonías Ari Lárusson (sign.)

Heiðrún Bjarkadóttir (sign.)

Anna Margret Sigurðardóttir (sign.)

Oddný María Gunnarsdóttir (sign.)

Þórdís Hauksdóttir (sign.)

Þórdís Erla Björnsdóttir (sign.)

Arnar Þór Sævarsson (sign.)

Auðunn Sigurðsson, ritari (sign.)